



Frétt nr. 12/2025

19.12.2025

Leiðandi hagvísir Analytica –Enn dvína væntingar og hagvísir lækkar


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) lækkaði í nóvember. Hins vegar voru gildi sl. þriggja mánaða endurskoðuð uppávið. Í ljósi tíðinda af áföllum í útflutningsgreinum að undanfarið virðist óhætt að túlka hagvísinn með afgerandi hætti til lækkunar.

Þrír af sex undirliðum lækka frá í október. Lækkun á væntingavísitölu Gallup hefur mest að segja en einnig samdráttur í komum ferðamanna um Keflavíkurflugvöll. Áfram er umtalsverð óvissa tengd þróun alþjóðastjórn mála sem og óvissa í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um vendipunkta í efnahagsumsvifum að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 2 má sjá þróun væntingavísitölu Gallup, árstíðaleiðrétta og jafnaða fyrir tímabilið 2007-2025. Um er að ræða einn af undirþáttum leiðandi hagvísis en reynslan sýnir að hér er um fremur tímanlega vísbendingu að ræða.

Dökkblái ferillinn á mynd 2 sýnir frávik væntingavísitölu Gallup frá langtímaleitni en brúni ferillinn prósentubreytingu frá fyrra ári. Hækkunarferli væntingavísitölunnar fór af stað í október sl. en mánuðina fram að því hafði þróun hennar ekki verið afgerandi. Nú hafa væntingar sveiflast til verri vegar á afgerandi hátt en mikil óvissa er um þróun ýmissa hagstærða innlendra sem erlendra, þar á meðal um verðbólgu.

Mynd 2. Væntingavísitala Gallup – Frávik frá langtímaleitni og %breyting f.f.á.
Árstíðaleiðréttt og jöfnuð



Sömu ferlar og birtir eru á mynd 2 eru einnig sýndir á myndum V1 og V2 í viðauka en tilgangurinn með mynd 2 er að draga fram þá þróun sem þar birtist.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hluta-bréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í nóvember hækka fjórir af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í október lækka hins vegar þrír af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.¹

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

¹ Gildin á mynd V2 eru nú sýnd á sk. stöðluðu formi, þar sem stærðir eru stilltar á meðaltal=0 og staðalfrávik=1.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.







Leiðandi hagvísir Analytica lækkar í nóvember og tekur gildið 99,9, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í maí 2026. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2024-2025

	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2024				
nóvember	99.0	0.5%	-1.2%	maí 2025
desember	99.5	0.4%	-0.4%	júní
2025				
janúar	99.9	0.4%	0.4%	júlí
febrúar	100.2	0.3%	1.0%	ágúst
mars	100.4	0.2%	1.6%	sept.
apríl	100.6	0.2%	2.1%	okt.
maí	100.6	0.1%	2.4%	nóv.
júní	100.6	0.0%	2.6%	des.
júlí	100.4	-0.1%	2.6%	jan. 2026
ágúst	100.3	-0.2%	2.4%	feb.
september	100.1	-0.2%	2.0%	mars
október	100.0	-0.1%	1.4%	apríl
nóvember	99.9	0.0%	0.9%	maí

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir desember er áætluð þann 20/1 2026.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir*Prósentubreyting frá fyrra ári ****Skýringar:**

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.


Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni**Skýringar:**

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfyrirtæki á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá CMT Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfavíðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>